

Hafnarfjarðarbær - Fræðsluráð
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 6. apríl 2016

Efni: Skýrsla starfshóps frá febrúar 2016, um skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Einhverfusamtökunum barst í hendur skýrsla starfshóps um skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar frá febrúar 2016. Í skýrslunni er lagt til að lögð sé áhersla á ábyrgð heimaskóla til að sinna námi allra nemenda, þ.e. skóla án aðgreiningar. Það er falleg hugsjón og samræmist samning Sameinuðupjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Einhverfusamtökin hafa þó áhyggjur af þeim nemendum sem eru á einhverfurófi eða þurfa verulega sérkennslu. Eru grunnskólar Hafnarfjarðar í stakk búnir til að sinna þessum nemendum inni í almennum bekk? Hvernig mun Hafnarfjarðarbær þjónusta þá einstaklinga sem nú eru í sérskólum og sérdeildum eða hafa þörf fyrir þá þjónustu sem þar er veitt?

- Er nægilegt framboð af fagmenntuðu fólki með sérþekkingu á einhverfufróskunum starfandi í skólunum? Gera má ráð fyrir að flestir þeir nemendur sem hafa stundað nám í sérdeildum/sérskólum þurfi fagmenntaðan starfsmann með sér inn í bekk mestan hluta dags.
- Hafa allir skólarnir nægilegt rými til að nemendur geti farið í rólegt athvarf þegar vera inni í bekk verður óþægileg? Þegar einhverfir nemendur eru annars vegar þá þurfa þeir oft að komast út úr stofu vegna hávaða eða annara aðstæðna sem eru að trufla. Því er nauðsynlegt að hafa athvarf með starfsmanni til að taka við nemandanum þegar þörf er á.
- Eru bekkir nægilega fámennir til að einhverfir nemendur geti nýtt sér þá kennslu sem þar fer fram? Fjölmennir bekkir og mikið áreiti hefur slæm áhrif á einbeitingu þessa hóps. Getur það kallað á árekstra, einnig í frímínútum.
- Hvernig er aðstaða til að matast? Möruneysi skóla eru oft erfiðustu staðirnir fyrir einhverfa nemendur vegna hávaða og lyktar. Er aðstaða í öllum skólum fyrir þessa nemendur þar sem þeir geta neytt matar síns í rólegheitum?
- Verður horft til skynjunar einhverfra hvað varðar lýsingu, hljóðmengun o.s.frv?

- Hluti nemendahópsins er með þroskahömlun og þurfa námsefni við hæfi. Er aðstaða og þekking í skólunum til að búa til slíkt námsefni?
- Þeir nemendur sem eru í Klettaskóla eru yfirleitt í lengdri viðveru eftir skóla. Er Hafnarfjarðarbær í stakk búin til að veita þá þjónustu til alls hópsins? Er bærinn með frístundaklúbba fyrir fatlaða í öllum aldurshópum grunnskóla?
- Þeir nemendur sem sækja Brúarskóla eru þar vegna þess að allar aðrar leiðir hafa verið reyndar. Ætlar Hafnarfjarðarbær að þróa ný úrræði fyrir þann hóp?

Einhverfusamtökin vona að þessi atriði verði öll tekin til skoðunar áður en farið verður í róttækar breytingar á sérúrræðum í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd stjórnar Einhverfusamtakanna,



Sigrún Birgisdóttir, framkvæmdastjóri